

Launastefna

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á launastefnu og jafnlaunastefnu Aðfanga. Launastefnan tekur til allra starfsmanna Aðfanga.

Aðföng greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Almennar launahækkningar fara eftir kjarasamningi VR við Samtök atvinnulífsins.

Fjármálastjóri í samráði við framkvæmdastjóra ber formlega ábyrgð á öllum launatengdum ákvörðunum og gætir þess að samræmis sé gætt við alla ákvörðunartöku og tryggir að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Launaákvæðanir skulu byggðar á málefnalegum forsendum í samræmi við fyrirliggjandi starfslýsingar þar sem fram koma þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfs.

Tryggja skal öllum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.